

## 7. gr.

Stofnuninni er heimilt að hafa með höndum rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir þá, sem leystir eru úr fangelsi, meðan þeir bíða varanlegs húsnæðis.

Dvöl í slíku húsnæði skal að jafnaði ekki vara lengur en 1 mánuð.

## 8. gr.

Þegar lokið er skilorðstíma brotamannsins, skal tilkynna þeim aðila, sem ákvað eftirlitið um árangur þess, en verði skilyrði þau, sem brotamanninum eru sett, rofin á skilorðstímanum, skal það tilkynnt þegar í stað til viðkomandi aðila.

## 9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

1) Þegar stofnunin tekur til starfa, flyst til hennar eftirlit það, sem Félagasamtökunum Vernd hefur verið falið með þeim, sem veitt hefur verið skilorðsbundin náðun. Eftirlit, sem öðrum aðilum hefur verið falið, er stofnuninni heimilt að taka við, eftir því sem þeir aðilar óska.

2) Stofnunin skal taka við starfsemi þeirri, sem Félagasamtökin Vernd nú annast fyrir brotamenn, að svo miklu leyti sem það samrýmist þessari reglugerð og í samráði við félagasamtökin.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fangelsi og vinnuhæli nr. 38 24. apríl 1973, öðlast gildi 1. apríl 1974.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. janúar 1974.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Jón Thors.*

## S A M Þ Y K K T

### um sorphreinsun fyrir Borgarnes.

## 1. gr.

Borgarneshreppur annast sjálfur eða býður út alla sorphreinsun innan skipulagðra svæða sveitarfélagsins. Yfirstjórn hreinsunar er í höndum sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins.

## 2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu, sem samþykkt þessi kveður á um.

## 3. gr.

Allur kostnaður við almenna sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sérhverjum húseiganda er þó skylt að greiða sérstakt sorphreinsunargjald, sem sveitarstjórn hefur heimild til þess að ákvarða, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

## 4. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum o. s. frv., skal látið í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í þar til smíðuðum sorpskáp eða sérstakri grind, með viðeigandi frágangi og loki yfir. Hús-

eigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpgrinda og sorpskápa og þeim ber jafnframt að sjá um að grindur eða skápar séu í góðu ásigkomulagi. Sorphirslur skulu staðsettar, þar sem aðgengilegt er fyrir sorphreinsunarmenn að ná til þeirra. Ef sorpgeymsla er innbyggð eða innan dyra, skal allur aðgangur að henni og frágangur vera í fullu samræmi við ákvæði 3. gr. 10. tl. í byggingasamþykkt fyrir Borgarnes.

#### 5. gr.

Í sorppokana skal setja allt venjulegt heimilissorp, en gæta skal þess sérstaklega, að offylla þá ekki né ofþyngja á þann hátt, að erfitt verði að loka þeim eða að þeir rifni. Sorp skal láta vel ofan í poka, en varast að það hangi yfir pokarönd eða dreifist af loki umhverfis sporhirslur og valdi óþrifnaði. Allt blautt sorp og oddhvassa hluti skal pakka vel inn áður en það er sett í sorppoka. Mold, mól, grjót og svipuð efni má ekki láta í sorppoka, en skal flytja til ákveðins svæðis, samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Á sama hátt má ekki setja eldfima vökva svo sem olíu og bensín í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

#### 6. gr.

Allt umfangsmeira sorp, svo sem frá byggingum og málmiðnaði, bílhæ og allt brotajárn, skal hver hlutaðeigandi fjarlægja á eigin kostnað á afmarkað svæði, samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Vanræki eigandi þetta, þá getur heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins látið framkvæma verkið á hans kostnað.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg í hreppslandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum, sem öllu öðru sorpi, í hvaða mynd sem er, í sjóinn. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

#### 7. gr.

Sorphreinsun skal framkvæma vikulega og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári. Sorphreinsun fer ekki fram á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum. Um stórhátíðar, jól, nýár og páska skal framkvæma aukahreinsun. Hreppurinn leggur til og gengur frá í sorpskáp eða grind, einum plastpoka, eftir hverja hreinsun.

Að öðru leyti miðast fjöldi skápa við það, að sorppokar yfirfyllist ekki milli tæminga. Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíðar eða ef vænta má stöðvunar á sorphreinsun, þá geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsi hreppsins. Sé slíku ekki til að dreifa, þá getur húseigandi engu að síður fengið aukapoka eftir þörfum, en þá kemur sérstök greiða fyrir.

#### 8. gr.

Allur flutningur á vegum einstaklinga eða fyrirtækja á sorphauga eða á þau afmörkuðu svæði, sem sveitarstjórn gefur fyrirmæli um, skal framkvæmdur eftir ströngustu fyrirmælum og þrifnaður allur í hávegum hafður. Sömulleiðis skal umgangur og frágangur á sorpi á sorphaugastað uppfylla þær kröfur, sem reglur um þá staði kveða á um, t. d. um losunartíma sorps og umgengnishætti alla.

#### 9. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

#### 10. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda skápa (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins.

## 11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 20 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Með brot á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

## 12. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis-  
eftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1974.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Núpár.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Núpár. Heimili þess og varnarþing er í Eyjahreppi, Hnappadalssýslu.

## 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Núpár, en þær eru Hausthús, Rauðkollsstaðir, Hrútholt, Söðulsholt, Dalsmynni, Þverá, Kolviðarnes, Akurholt, Hrossholt.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurskoðningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.